



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Rússnesk veisla

2. júní 2016





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Prokofiev: 14'

Glazúnov: 20'

Shostakovitsj: 32'

Mynd á kápu: Margrét Þorsteinsdóttir, fiðla, Þórarinn Már Baldursson, víóla,
Kathryn Harrison, víóla og Roland C. Hartwell, fiðla.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony #sinfó www.sinfonia.is

Rússnesk veisla

Tónleikar í Eldborg 2. júní 2016 » 19:30

Gennadíj Rosdestvenskíj hljómsveitarstjóri
Alexander Rosdestvenskíj einleikari

Sergej Prokofiev

Sinfónía nr. 1, „Klassíska sinfónían“ (1916–17)

Allegro

Larghetto

Gavotta: Non troppo allegro

Finale: Molto vivace

Aleksandr Glazúnov

Fiðlukonsert í a-moll, op. 82 (1904)

Moderato – Andante sostenuto – Allegro

Hlé

Dmitrij Shostakovitsj

Sinfónía nr. 1 í F-dúr, op. 10 (1924–25)

Allegretto – Allegro non troppo

Allegro – Meno mosso – Allegro

Lento – Largo –

Allegro molto – Lento – Presto

Gennadíj Rosdestvenskíj

hljómsveitarstjóri



Gennadíj Rosdestvenskíj er einn af virtustu hljómsveitarstjórum samtímans. Hann fæddist í Moskvu 1931 og nam píanóleik hjá Lev Oborin, sem einnig var kennari Ashkenazys, og hljómsveitarstjórn hjá föður sínum, Nikolaj Anosov, við Tónlistarháskólann í Moskvu. Hann var ráðinn til Bolshoi-ballettsins aðeins tvítugur að aldri og þannig hófst langt og farsælt starf hans í því sögufræga húsi; hann var aðalstjórnandi þeirra frá 1964–70 og aftur árið 2000. Þar hefur hann stjórnað yfir 30 óperum og ballettum, stýrði heimsfrumflutningi á ballettinum *Spartacus* eftir Katsjaturían og frumflutti í Sovétríkjunum óperu Britzens, *Draumur á Jónsmessunótt*.

Rosdestvenskíj var um árabíl stjórnandi Útvarpshljóm-sveitarinnar í Moskvu og var fyrsti sovéski stjórnandinn sem fékk leyfi stjórnvalda til að taka við föstum stöðum erlendis; hann var m.a. aðalstjórnandi BBC-sinfóníuhljómsveitarinnar í Lundúnum, Sinfóníuhljómsveitarinnar í Vínarborg og Konunglegu Fílharmóníunnar í Stokkhólmi. Hann hefur hljóðritað yfir 700 verk, meðal annars allar sinfóníur Sjostakovitsj og Prokofievs auk fjölda verka eftir Schnittke, Denisov og Gubaidulinu, en öll þessi tónskáld voru nánir vinir hans og mörg þeirra tileinkuðu honum verk sín.

Rosdestvenskíj hefur hlotið fjölda viðurkenninga á löngum ferli, m.a. heiðursorður frá forseta Frakklands og Japanskeisara, auk þess sem hann er meðlimur Stokkhólmsakademíunnar og Bresku akademíunnar. Hann hefur verið prófessor í hljómsveitarstjórn í Moskvu í yfir 30 ár og heldur fjölda námskeiða á ári hverju. Hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð 2009 og gegndi í kjölfarið stöðu aðalgestastjórnanda hljómsveitarinnar um nokkurra ára skeið. Hann hélt upp á 85 ára afmæli sitt í maí síðastliðnum með því að stjórna tónlist eftir Glazúnov og Shostakovitsj í Bolshoi-leikhúsinu í Moskvu.

Alexander Rosdestvenskíj

einleikari



Alexander (Sasha) Rosdestvenskíj á ekki langt að sækja tónlistargáfurnar. Faðir hans er hljómsveitarstjórinn Gennadíj Rosdestvenskíj og móðir hans píanóleikarinn Viktoria Postnikova. Hann lærði við Tónlistarháskólana í Moskvu og París, og við Royal College of Music í Lundúnum, og meðal kennara hans voru Zinaida Gilels, Gérard Poulet og Felix Andrievskíj. Sasha hefur komið fram með fjölda hljómsveita víða um heim, m.a. sínfóníuhljómsveitunum í Boston, Lundúnum, Melbourne, Prag og Toronto, Kammerhljómsveit Evrópu, Fílharmóníuhljómsveitinni í Ísrael og Hljómsveit Franska útvarpsins. Meðal virtra stjórnenda sem Sasha hefur starfað með eru Valerí Gergíev, Vladimír Spivakov, Vladimír Ashkenazy og Louis Langrée.

Sasha Rosdestvenskíj hefur gert fjölmargar hljóðritanir fyrir Thesis- og Chandos-útgáfurnar, m.a. Concerto grosso nr. 6 eftir Alfred Schnittke ásamt Konunglegu fílharmóníunni í Stokkhólmi. Sasha tók þátt í frumflutningi konsertsins ásamt Viktoríu Postnikovu, en Schnittke samdi hann sérstaklega fyrir þau mæðginin árið 1994. Sasha hefur áður leikið með Sínfóníuhljómsveit Íslands vorið 2011, fiðlukonsert eftir Schnittke undir stjórn föður síns.

Sergej Prokofjev

Sinfónía nr. 1



Tónlistin á Íslandi

Klassíska sífónía Prokofjevs hljómaði fremur oft á tónleikum SÍ á árum áður. Victor Urbancic stjórnaði fyrsta flutningi hennar á Íslandi í Þjóðleikhúsinu árið 1951. Síðan hefur hún hljómað yfir 20 sinnum, m.a. undir stjórn Vladimirs Ashkenazy (1973 og 1974), Jean-Pierres Jacquillat (1984) og Keri-Lynn Wilson (1997). Síðast flutti hljómsveitin verkið árið 2001 og þá hélt Bernharður Wilkinson um sprotann.

Efnisskrá kvöldsins gæti allt eins borið yfirskriftina „Rektorinn og nemendurnir“. Hér hljóma nefnilega fyrstu sífóníur tveggja stjórnunemenda við Tónlistarháskólann í Sankti Pétursborg á rektorstíð Aleksandrs Glazúnovs. Það var Glazúnov sem hvatti Sergei Prokofjev (1891–1953) til að sækja um skólavist við háskólann, og hann kenndi einnig Shostakovitsj um árabil. Ekki sætti hann sig þó alltaf við afrek þeirra í listinni, eins og sést af því að þegar Prokofjev hreppti fyrstu verðlaun í tónlistarháskólanum fyrir flutning á píanókonsertri sínum neitaði hinn íhaldssami Glazúnov að tilkynna um niðurstöðuna í mótmælaskyni.

„Klassíska“ sífónía Sergej Prokofjevs er eitt vinsælasta verk hans. Þó er hún ekki beinlínis dæmigerð fyrir tónskáldið sem var oft framsæknara í sköpun sinni en einmitt hér. Sífónía Prokofjevs er lykilverk í þróun þess sem síðar var kallað nýklassík, þegar tónskáld 20. aldar litu langt um öxl, framhjá tilfinningaþrungnu tónmálinu sem setti svip á tónlist kynslóðanna á undan. Sjálfur sagði hann: „Mér virtist að hefði Haydn verið uppi á okkar dögum hefði hann haldið í sinn eigin tónsmíðastíl en bætt einhverju nýju við. Það var sífónía af þessu tagi sem mig langaði að semja – sífónía í klassískum stíl.“ Sífónían er sannarlega auðmeltari en þau stóru og framsæknu verk sem Prokofjev hafði samið árin á undan. Hann fer þó ekki að öllu eftir hinni klassísku forskrift. Til dæmis er þriðji þáttur ekki menúett eins og tíðkaðist í Vínarsífóníum 18. aldar, heldur gavotta – sem er annars konar hirðdans, í tvískiptum takti en ekki þrískiptum.

Sífónían markaði á sinn hátt tímamót á ferli Prokofjevs. Skömmu eftir að hann lauk við verkið braust út bylting í Rússlandi og þá hófst átján ára útlegð tónskáldsins í Frakklandi og Bandaríkjunum. Verkið var hið síðasta sem hann samdi í heimalandi sínu um langt skeið, og var það frumflutt undir stjórn höfundar í Sankti Pétursborg í apríl 1918.



Tónlistin á Íslandi

Fiðlukonsert Glazúnovs hefur tvisvar verið leikinn á Íslandi. Árið 1982 lék Ernst Kovacic einleik undir stjórn Jean-Pierres Jacquillat, en árið 2006 flutti Gunnhildur Daðadóttir konsertinn á Ungum einleikum undir stjórn Rumons Gamba.

Aleksandr Glazúnov

Fiðlukonsert

Aleksandr Glazúnov (1865–1936) var nemandi Rimskíj-Korsakovs og var talinn eitt fremsta tónskáld Rússlands um aldamótin 1900. Hann skildi eftir sig fjölda verka – meðal annars níu sífóníur, sjö strengjakvartetta og konserta fyrir píanó, selló, saxófón og fiðlu. Hann naut ekki síður virðingar fyrir störf sín sem tónsmíðakennari og rektor Tónlistarháskólans í Sankti Pétursborg en þeirri stöðu gegndi hann um áratuga skeið, frá 1905–28.

Fiðlukonsertinn frá árinu 1904 er meðal kunnustu verka Glazúnovs. Hér sést að í listinni var hann maður sátta og samlyndis, leitaðist við að brúa bilið milli Rússlands og Vestur-Evrópu rétt eins og Tsjajkovskíj hafði áður gert. Meðal áhrifavalda í fiðluskrifunum má nefna Paganini og Mendelssohn; nóg er um glæsítílfirf einleikarans í hröðum tónarunum og fingurbrjótum af ýmsum toga. Konsertinn er í einum kafla sem skiptist í þrennt, sameinar þætti hins hefðbundna konsertforms í eina órofa heild. Verkið hefst á innhverfum nótum en því vex smám saman ásmegin. Gláðvæð lokahlutinn hefur sveitalegt yfirbragð, minnir á „veiðitónlist“ og er víðeigandi endir á glæsilegu verki.

Fiðlukonsertinn er frá því skeiði á ferli Glazúnovs sem bar ríkulegastan ávöxt. Upp úr 1910 var hann sífellt í meiri andstöðu við samtíma sinn og átti fátt sameiginlegt með þeim móðernistum sem þá létu að sér kveða, til dæmis Richard Strauss, Schönberg eða Bartók. Hann háði líka glímu við Bakkus; samkvæmt endurminningum Shostakovitsj átti hann það til að fela vínlösku bak við skrifborð sitt og saup á í tímum þegar enginn sá. Glazúnov var mikill velgjörðarmaður Shostakovitsj á námsárum hins síðarnefnda, útvegaði honum námsstyrk og sá til þess að Fílharmóníuhljómsveitin í Leníngrad frumflutti fyrstu sífóníu hans, sem einmitt hljómar eftir hlé.

Dmitríj Shostakovitsj

Sinfónía nr. 1



Dmitríj Shostakovitsj (1906–1975) ólst upp á miklu tónlistarheimili og árið 1919 hóf hann nám í tónsmíðum og píanóleik við Tónlistarháskólann í Sankti Pétursborg. Hljómsveitin fangaði huga hans strax frá upphafi. Fyrsta verkið sem hann samdi eftir að hann hóf formlegt nám var Scherzo fyrir hljómsveit (op. 1), og lokaverkefni hans við skólann var sinfónía (1924–25), hin fyrsta af fimmtán sem hann samdi áður en yfir lauk. Hún er snilldarvel samín, ekki síst þegar haft er í huga að Shostakovitsj var ekki nema nítján ára gamall. Hann hafði um skeið af því áhyggjur að verkið fengi dræmar viðtökur og myndi fljótt gleymast, en sú varð aldeilis ekki raunin. Frumflutningurinn í Leníngrad þann 12. maí 1926 – fyrir rétt rúmum 90 árum – þótti mikill sigur og í kjölfarið tóku helstu hljómsveitarstjórar heims sinfóníuna upp á sína arma: Bruno Walter, Otto Klemperer og Arturo Toscanini. Tónskáldið unga fékk meira að segja bréf frá Alban Berg sem lauk miklu lofsorði á verkið.

Fyrsta sinfónían gefur forsmekk af þeim fjölbreytta tónsmíðastíl sem Shostakovitsj tamdi sér upp frá þessu. Tónlistin er á köflum kaldhæðin og jafnvel grótesk, en einnig innileg og tjáningarrík. Margt í stíl og framvindu er líka á sinn hátt framsæknara en það sem Shostakovitsj lét frá sér fara síðar á ævinni. Þriðji áratugur 20. aldar var sannkölluð gósentíð fyrir nútímalega þenkjandi tónskáld í Sovétríkjunum, enda þótti framsækin list falla vel að hinu nýja þjóðskipulagi – um skeið. Það breyttist allt með ógnarstjórn Stalíns eins og Shostakovitsj fékk sjálfur að kenna á öðrum fremur.

Fyrsti þáttur hefst með hægum inngangi en fljótlega hitnar í kolunum. Það er klarínnett sem leikur fjörukt meginstefið. Hugvitssemi Shostakovitsj í meðferð hljómsveitarinnar kemur í ljós hvað eftir annað, til dæmis um miðbikið þegar hann semur nokkra takta fyrir átta einleiksfíðlur og fjórar einleiksvíólur. Annar þáttur er hratt og gamansamt scherzo. Hér er kannski vert að rifja upp að Shostakovitsj vann fyrir sér

á námsárunum með því að leika undir á píanó með þöglum myndum. Tónlistin minnir helst á æsingslegan eltingaleik, en þó hægist á um skeið með kyrrlátari blásturstónum. Þegar kaflinn nær hápunkti sínum hljóma bæði stefin samtímis.

Þriðji kafli hefst á angurværu óbóstefi. Smám saman verður tjáningin óbeislaðri og þá heyrast glöggt hversu sterk ítök síðrómantíkin átti í tónskáldinu þegar hér var komið sögu. Lokapátturinn er að mestu ágengur og dramatískur. Shostakovitsj fer ótroðnar slóðir sem fyrr, og þegar hápunkti er náð fær pákuleikarinn óvæntan einleikskafila. Eftir ljóðrænt sellóinnskot rankar hljómsveitin við sér og verkinu lýkur með kröftugum lokahvelli eins og við var að búast.

Árni Heimir Ingólfsson

Tónlistin á Íslandi

*Íslendingar fengu fyrst að kynnast
sinfóníu nr. 1 eftir Shostakovitsj á
öldum ljósvakans. Hún hljómaði
í Ríkisútvarpinu í nóvember 1938
og síðan af og til næstu ár, líklega
í hljóðritun Leopolds Stokowskis
og Filadelfíu-hljómsveitarinnar frá
1933. Sinfóníuhljómsveit Íslands
hefur aðeins tvisvar sinnum leikið
sinfóníuna. Hún hljómaði á tónleikum
í Háskólabíói í júní 1969 undir stjórn
Alfreds Walter og aftur haustið 2003
undir stjórn Rumons Gamba.*

Hljómsveit á tónleikum

2. júní 2016

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Mark Reedman
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer
Pálína Árnadóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Hlíf Bente Sigurjónsdóttir

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Christian Diethard
Þórdís Stross
Hlín Erlendsdóttir
Laufey Jensdóttir
Kristján Matthíasson
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Pascal La Rosa

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sesselja Halldórsdóttir
Ásdís Runólfadóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Júlía Mogensen
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Emilia Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Max Artved
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Rúnar Vilbergsson

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Elísabet Waage

PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier aðalhljómveitarstjóri frá september 2016

Osmo Vänskä aðalgestastjórnandi
Vladimir Ashkenazy heiðursstjórnandi
Daniel Bjarnason staðarlistamaður

Anna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna

MARGVERÐLAUNIÐ
TÓNLISTARHÁTIÐ

16.-19. júní 2016 í Hörpu

Reykjavík Midsummer Music

4 DAGAR · 7 TÓNLEIKAR · 18 MAGNAÐIR LISTAMENN
HÁTÍÐARPASSI AÐEINS 12.000 KR.



Wanderer

LISTRÆNN STJÓRNANDI: VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON

www.rmm.is



HARPA



MENNSKA OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



GAMMA



Reykjavíkurborg



Landsvirkjun



KRISTINN SIGMUNDSSON
Söngvar förusveins

17. júní kl. 20 í Eldborg

VIKTORIA MULLOVA
Gangandi geimfari

16. júní kl. 20 í Norðurljósum

URSULA OPPENS
Wanderer-fantasían

18. júní kl. 20 í Norðurljósum

„Absolutely unmissable“
Reykjavík Grapevine

„Einn af hápunktum tónlistarársins“
Fréttatíminn

„Þetta var hástemmd feegurð,
ekki af þessum heimi“
J.S./Fréttablaðið

MATTHEW BARLEY

Jón Nordal –
Frá draumi til draums

19. júní kl. 14 í Norðurljósum

TAI MURRAY

Der Wanderer Grand finale

19. júní kl. 20 í Norðurljósum

REYKJAVÍK



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



Stefán Jón: Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

Ágústa: Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í símfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra símfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargyðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is